



Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Rannsóknar- og
tilkynningarskylda

Hvað er peningabætti?

Peningabætti er þegar einstaklingur eða lögaðili:

- tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum, eða
- umbreytir slíkum ávinningi, flytur, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinningsins, eða
- stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningabættis?

Frumbrot eru þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningabættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningabættis eru fjársvik, fjádráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Hvað er sjálfþvætti?

Þegar sami aðili fremur frumbrot og þvættar sjálfur ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða. Sjálfþvætti getur varðað allt að 6 ára fangelsi skv. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

VIÐURLÖG

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga varðar peningabætti allt að 6 ára fangelsi sé um ásetning að ræða og allt að 6 mánaða fangelsi sé um gáleysi að ræða sbr. 4. mgr.

Refsað er samkvæmt almennum hegningarlögum fyrir brot gegn 264. gr. sem framið er innan íslenska ríkisins enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafi frá hafi verið framið erlendis, og án tillits til hver var að því valdur.

Sé um ávinning af fíkniefnabroti að ræða getur refsing orðið allt að 12 ára fangelsi samkvæmt 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Fjármögnun hryðjuverka varðar allt að 10 ára fangelsi samkvæmt 101. gr. b almennra hegningarlaga.

STÝRIHÓPUR OG ÚTGÁFA

Kynningarefni

Allt kynningarefni sem stýrihópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út er aðgengilegt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.



Hverjir eru tilkynningarskyldir aðilar?

Tilkynningarskyldir aðilar eru þeir sem eru taldir upp í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þetta eru meðal annars: Fjármálafyrirtæki, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn, þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum áhættu- og söfnunartengdum tryggingum, lögmannsstofur, lögmenn og aðrir sérfræðingar, þegar þeir bjóða upp á tiltekna þjónustu, endurskoðunarfyrirtæki, endurskoðendur, skattaráðgjafar og aðilar sem færa bókhald eða sinna bókhaldsþjónustu fyrir þriðja aðila gegn gjaldi, fasteignasölur og fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar, leigumiðlarar þegar mánaðarlegar leigugreiðslur nema 10.000 evrum eða meira, aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, aðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga, greiðslustofnanir, rafeyrisfyrirtæki, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla, gjaldeyrisskiptastöðvar með nánar tilgreindum undantekningum, þjónustuveitendur stafrænna veskja og einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé (umfram 10.000 evrur), hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri en undir það falla m.a. bílasalar, uppboðshús og seljendur eðalmálma og -steina.

SKYLDUR TILKYNNINGARSKYLDRA AÐILA

Rannsóknarskylda

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að rannsaka öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Athugun á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskiptum

Kanna skal bakgrunn og tilgang allra grunsamlegra og óvenjulegra viðskipta að því marki sem unnt er. Slík athugun ætti m.a. að felast í eftirfarandi aðgerðum:

- afla nauðsynlegra upplýsinga um viðskiptamann og fyrirhuguð viðskipti,
- kanna áreiðanleika fyrirleggjandi gagna,
- leggja sjálfstætt mat á fyrirleggjandi gögn og upplýsingar
- gera skriflega skýrslu, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 140/2018, þar sem fram kemur m.a.:
 - skrá yfir fyrirleggjandi gögn og upplýsingar,

- aðgerðir sem gripið var til, m.a. varðandi upplýsingaöflun og framkvæmd viðskipta,
- niðurstöður athugunar, þ.e. hvort senda beri tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Gögn sem aflað er samkvæmt framangreindu skulu vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli viðskiptanna og til að nota megi þau sem sönnunargögn í refsímáli.

Hafa ber í huga að athugun getur leitt í ljós samband á milli ólíkra viðskiptaaðgerða (sem hver um sig sýnist eðlileg) sem bent getur til þess að viðskiptin í heild gætu tengst refsiverðum verknaði.

Ekki er gerð krafa um að starfsmenn myndi sér skoðun á eða hafi rökstuddan grun um hvers konar afbrot liggja að baki peningabætti.



Hvað er grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka?

Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði um grun. Nægjanlegt er að grunur sé til staðar um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi, burtséð frá því hvort sá grunur reynist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum.

GRUNSAMLEG EÐA ÓVENJULEG VIÐSKIPTI**Dæmi um grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti**

- Viðskiptamaður sannar ekki á sér deili með fullnægjandi hætti.
 - Viðskiptamaður gefur ekki upplýsingar um tilgang fyrirhugaðra viðskipta.
 - Viðskiptamaður gefur ótrúverðugar upplýsingar, t.d. með hliðsjón af öðrum fyrirliggjandi upplýsingum og umfangi viðskipta.
 - Ef um háar fjárhæðir er að ræða þar sem greitt er með reiðufé og háar innlagnir eða úttektir í reiðufé.
 - Ef ætla má að viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila og viðskiptamaður neitar að veita upplýsingar um þriðja aðila.
 - Viðskipti sem ekki virðast hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.
 - Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins.
 - Viðskiptamaður dregur sig út úr viðskiptum þegar farið er að afla upplýsinga um tilgang þeirra, uppruna fjármuna eða annarra upplýsinga.
- Viðskiptamaður neitar að svara spurningum vegna áreiðanleikakönnunar.
 - Heimilisfang viðskiptamanns er óþekkt eða margir nota sama heimilisfangið þar sem í raun er engin starfsemi eða mót-takandi.
 - Viðskiptamaður greiðir upp lán á mjög skömmum tíma án viðeigandi skýringa t.d. með reiðufé.
 - Greitt er inn á lán af þriðja aðila t.d. lán sem hefur verið í vanskilum og jafnvel greitt með reiðufé.
 - Notkun á reikningi viðskiptamanns er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar voru við stofnun reikningsins t.d. varðandi veltu og millifærslur erlendis.
 - Viðskiptamaður notar mörgum sinnum sömu skjölin til að gera grein fyrir uppruna fjármagns t.d. erfðaskrá.
 - Viðskiptamaður tengist áhættusömu ríki eða ríkjasvæðum.
 - Starfsemi eða eignarhald lögaðila er flókið eða óvenjulegt miðað við það sem eðlilegt mætti teljast.



Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er sjálfstæð eining innan Héraðssaksóknara sem tekur á móti tilkynningum skv. 20. gr. laga nr. 140/2018, ef uppi er grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Á grundvelli tilkynningar og eftir atvikum frekari upplýsingaöflunar, fer fram greining á mótteknum tilkynningum. Ef niðurstaða greiningarinnar bendir til þess að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað er greiningin send viðeigandi stjórnvaldi sem getur verið lögreglustjóri og aðrir ákærvaldshafar, skattrannsóknarstjóri eða tollstjóri. Ákvörðun um hvort hefja eigi rannsókn skal tekin svo fljótt sem auðið er hjá því stjórnvaldi sem fær greininguna senda.

TILKYNNINGAR UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI

Hvenær á að tilkynna?

Ef athugun leiðir í ljós vitneskju eða grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka ber að tilkynna viðskiptin til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 140/2018. Tilkynninguna skal senda svo fljótt sem kostur er eftir að grunur hefur verið staðfestur.

Í stað þess að halda áfram viðskiptunum skal senda tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og bíða leiðbeininga hennar. Í tilkynningunni skal taka fram innan hvaða frests er skylt að framkvæma viðskiptin.

Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað rannsókn á hendur þeim sem hafa hagsmuni af viðskiptunum skal skrifstofu fjármálagreininga lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram, sbr. 22. gr. laganna.

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að skrifstofu fjármálagreininga hafi verið sendar upplýsingar samkvæmt 21. eða 22. gr. laganna.

Hvert á að tilkynna?

Senda skal tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu á netfangið pt@hersak.is eða í ábyrgðarpósti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, Skúlagötu 17, 101 Reykjavík.

Hvað á að senda með tilkynningu?

Þegar tilkynning er send skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna gruns um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka þarf eftirfarandi að koma fram:

- dagsetning tilkynningar,
- upplýsingar um tilkynningarskyldan aðila, símanúmer og netfang,
- dagsetning, tegund og fjárhæð viðskipta, tegund fjár og gjaldmiðill,
- nafn, kennitala og afrit af skilríkjum viðskiptamanns,
- ástæða gruns.

Frekari gögn og upplýsingar skulu fylgja með ef þörf er á til að varpa frekara ljósi á málið. Þetta gætu t.d. verið:

- áreiðanleikakönnun viðskiptamanns,
- önnur gögn sem veitt geta upplýsingar um grun t.d. reikningsyfirlit eða kvittanir.



Bann við upplýsingagjöf

Tilkynningarskyldir aðilar, stjórnendur, starfsmenn og aðrir er vinna í þágu tilkynningarskyldra aðila er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða aðrir utanaðkomandi fái ekki vitneskju um að tilkynning hafi verið send til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka ef slík rannsókn færi af stað.

MÓTTAKA TILKYNNINGA UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI

Dæmi um skýra tilkynningu

Viðskiptavinur hefur haft litla innkomu síðastliðin þrjú ár en hann hefur millifært talsverðar fjárhæðir erlendis, stundum oft á dag. Hann hefur einnig keypt mikið af erlendum gjaldeyri og greiðir yfirleitt með reiðufé. Þetta munstur er óvenjulegt þar sem hann er bæði að senda og taka á móti háum fjárhæðum erlendis frá og kaupa talsvert af erlendum gjaldeyri. Hann hefur á tímabilinu keypt evrur, dollara, pund og sænskar krónur. Grunur er um að hann sé að framkvæma þessi viðskipti fyrir aðra þar sem innkoma hans er ekki í samræmi við umfang millifærslna og gjaldeyriskaup á tímabilinu.

Móttaka tilkynninga hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu staðfestir móttöku tilkynninga skv. 21. og 22. gr. laganna og er heimilt ef brýn nauðsyn krefur að óska eftir því að viðskipti verði ekki framkvæmd fyrr en að loknum þeim fresti sem tilgreindur er í tilkynningunni.

Jafnframt skal skrifstofan tafarlaust gera tilkynnanda viðvart telji hún ekki þörf á að hindra viðskiptin.

Dæmi um óskýra tilkynningu

Viðskiptamaður hefur lagt mikið reiðufé inn á reikning sinn í bankanum síðustu ár. Engin gögn fylgdu með tilkynningunni.

Upplýsingaskylda til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laganna getur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum frá hverjum þeim sem kann að búa yfir upplýsingum vegna starfa sinna. Skylt er að láta allar upplýsingar í té sem óskað er eftir.

Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmenn öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings.

Undantekning frá þagnarskyldu

Þegar tilkynningarskyldur aðili veitir lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka telst það ekki brot á þagnarskyldu.

